

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Árvað 1.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 15. mars 2013, breytingu á deiliskipulagi Norðlingaholts vegna lóðarinnar að Árvaði 1. Í breytingunni felst að fjölgað er íbúðum úr 9 í 11 og bílastæðum úr 18 í 20. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Laugarásvegur 29, 29a, 35 og 37.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur þann 22. febrúar 2013, breytingu á deiliskipulagi reits 1.382.1. Í breytingunni felst að stækka bílgeymslulóð húsanna á lóðunum nr. 29, 29A, 35 og 37 við Laugarásveg. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 20. mars 2013.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 8. apríl 2013